

**Nd.**

## **212. Nefndarálit**

um frv. til laga um undanþágu skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og komið sér saman um að ráða deildinni frá að samþykkja það að svo komnu máli. Telur nefndin, að varhugavert sé að skerða að nokkru verulegu tekjustofn útvarpsins, meðan enn er svo óvíst um, hversu fjárhagsgrundvöllur þess reynist.

Hinsvegar álitur nefndin, að afnotagjaldið sé ekki svo hátt, að nokkru verulegu geti munað í rekstri flestra stofnana þeirra, sem um ræðir í frumvarpinu. En verði undanþágan veitt, mun óumflýjanlegt, að hún nái til æðimargra stofnana, eftir orðalagi og tilgangi frumvarpsins.

Alþingi, 3. ágúst 1931.

Rergur Jónsson,  
form.

Sveinbjörn Högnason,  
fundaskr. og frsm.

Lárus Helgason.

Jón Ólafsson.

Eínar Arnórsson.